

NICKLAS FREISLEBEN LUND OG MAGNUS NILSSON

Saga tveggja bókmenntaskóla

Sósíalískt raunsæi og skandinavískar
verkalýðsbókmenntir á fjórða áratug síðustu aldar

Skjalasafnið og bókasafnið á Verkalýðssafninu í Kaupmannahöfn er gnægtarbrunnur fyrir áhugafólk um sögu og menningu danskra og norrænna vinstri-manna. Innan um mikinn fjölda skjala og gripa safnsins duttum við nýlega niður á litla svarthvíta ljósmynd sem rammar inn efnivið þessarar greinar. Myndin sýnir þrjár manneskjur sitja í blæjubíl. Sú fjórða virðist standa fyrir utan kyrrstæðan bílinn, hægri hönd hvílir á bílnum og pípa í munni. Þegar betur er að gáð kemur í ljós að litla föruneytið, sem tekur sér smá hvíld í sveitalandslaginu, samanstendur af fjórum mikilvægum leikendum í sögu skandinavískra bókmennta (frá vinstri til hægri): Svíunum Mou Martinson (1890–1964) og Harry Martinson (1904–1978), Norðmanninum Nordahl Grieg (1902–1943) og Dan-anum Martin Andersen Nexø (1869–1954).



Ritíð
2. tbl. 24. árg. 2024 (071-090)
Ritrynd grein

© 2024 Ritíð, úmarit Hugvísindastofnunar
og höfundar greinarinnar

Útgefandi:
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.
Tengiliður: ritid@hi.is

DOI: 10.33112/ritid.24.2.4
Birt samkvæmt skilmálum
Creative Commons BY (4.0).

Það að þessir fjórir rithöfundar komi saman er ekki að undra. Eins og áður hefur verið nefnt eru þau öll annálaðir skandinavískir höfundar og fjölmörg tengsl þeirra á milli, meðal annars í mynd bréfaskrifta, vináttu, samstarfs, bókmenntalegs innblásturs, eru vel þekkt í bókmenntasögunni.¹ Þetta tiltekna mannamót er samt sem áður athyglisvert í samhengi þessarar greinar og þema heftisins sem hún birtist í. Myndin er tekin í Sovétríkjunum árið 1934. Í félagi við Danina Johannes Weltzer (1900–1951) og Einar Thomassen (1881–1977), Norðmanninn Inger Hagerup (1905–1985) og Svíann Erik Blomberg (1894–1965) skipuðu höfundarnir fjórir skandinavísku sendinefndina á Fyrsta allsherjarþingi sovéskra rithöfunda.²

Þingið gegndi lykillhlutverki í tilraunum Sovétríkjanna til að koma bókmenntahugsjónum sínum á framfæri á alþjóðavettvangi og þróa það sem má kalla rauðar heimsbókmenntir, það er hnattrænar bókmenntir í bandalagi við sósialisma. Í kjölfar rússnesku byltingarinnar höfðu Sovétríkin þá þegar sýnt tilburði í þessa átt og þróað það sem Christoph Schaub hefur nefnt „alþjóðasinnaðar heimsbókmenntir“ (þ. internationalistische Weltliteratur). Þessi fyrsta bylgja rauðra heimsbókmennta tók til verkefna á borð við að móta nýtt hefðarveldi bókmenntanna, skapa innviði fyrir þýðingar og leggja grunn að alþjóðlegri dreifingu bókmenntatexta og staðlaðrar fagurfræði. Einn mikilvægasti afraksturinn var mótun bókmenntagreinar *öreigaskáldsögunnar*.³ Markmið hennar var að styðja við mótun alþjóðlegrar sjálfsmyndar öreiga en einnig að tryggja pólitískan stuðning við Sovétríkin.⁴

Framgangur skandinavískra verkalýðsbókmennta var undir miklum áhrifum af fyrstu bylgju rauðra heimsbókmennta. Maksím Gorkij, Jack London, Upton Sinclair og aðrir höfundar sem tilheyrðu hefðarveldi þeirra voru sem dæmi mjög vinsælir í Skandinavíu. Margir skandinavískir verkalýðshöfundar sóttu innblástur til þeirra. London kom sér ekki bara upp stórum lesendahópi í Svíþjóð heldur varð skáldaða sjálfsævisaga hans, *Martin Eden*, fyrirmynd að skáldaðri sjálfsævisögu öreigans sem varð miðlæg bókmenntagrein í verkalýðsbókmenntum millistríðsáranna.⁵ Gorkij veitti einnig mörgum skandinavískum verkalýðs-

¹ Henrik Yde, *Nexø. Martin Andersen. Nexø liv og værk*, Kaupmannahöfn: Lindhardt og Ringhof forlag, 2019; Per-Olof Mattsson, *Martin Andersen. Nexø. Den nordiske arbejderlitteraturens pionjer*, Lundur: Ellerströms förlag, 2017.

² Arbejdermuseet, „Martin Andersen Nexø til forfatterkongres i Moskva, sammen med nordiske forfatterkolleger“, sótt 12. september 2023 af <https://abm.reindex.net/ABA/main/T.php?Ifm=Pz&Zoomed=10006&qe=id=F20180802090>.

³ Christoph Schaub, *Proletarische Welten. Internationalistische Weltliteratur in der Weimarer Republik*, Berlín og Boston: De Gruyter, 2019, bls. 4–5; 14–15.

⁴ Sama heimild, bls. 5.

⁵ Mats Rehn, *Jack London i Sverige. Studier i marknadsföring och litterärt inflytande*, Uppsalir:

höfundum mikilvægan innblástur. Þetta á ekki síst við um Mou Martinson og Harry Martinson líkt og Claudia Gioia hefur sýnt fram á.⁶

Þingið í Moskvu árið 1934 markar upphaf nýs tímabils í viðleitni Sovétríkjanna til að þróa rauðar heimsbókmenntir. Þingið var vettvangur þaðan sem kenningin um sósíalískt raunsæi, nýrrar „opinberrar bókmenntakenningar“ í Sovétríkjunum, var kynnt fyrir alþjóðlegum lesendum. Um síðir, og þar af leiðandi, varð kenningin einnig bókmenntaleg fyrirmynd í öðrum kommúnistarríkjum og í að minnsta kosti einhverjum kommúnískum hreyfingum í hinum kapítalíska heimi.⁷ Þannig endurspeglar ljósmyndin efni greinarinnar á táknrænan hátt: samband fagurfræðilegrar kenningar sósíalísks raunsæis og skandinavískra (einkum danskra og sænskra) verkalýðsbókmennta. Þátttaka skandinavísku sendinefndarinnar á þingi Sovéska rithöfundasambandsins rammur því inn umfjöllunarefni þessarar greinar.

Í Skandinavíu eru millistríðsárin álitin tímabil framrásar og uppgangs verkalýðsbókmennta eða jafnvel „gullöld“ þeirra.⁸ Þrír af þeim fjórum höfundum sem sjá má á myndinni leika mikilvægt hlutverk í þeirri sögu.⁹ Nexø var vígður, eða var jafnvel, merkasti rithöfundur danskra verkalýðsbókmennta og skilgreindur sem upphafsmaður verkalýðsbókmennta í Skandinavíu.¹⁰ Harry Martinson og Moa Martinson voru á meðal mikilvægustu fulltrúa kynslóðar verkalýðshöfunda og gegndu lykilhlutverki í sænsku bókmenntalífi frá árinu 1930.¹¹ Þegar fram liðu stundir hlaut Harry Martinson meira að segja Nóbelsverðlaunin í bókmenntum. Þar var hann fulltrúi fyrir „þá mörgu öreigahöfunda eða verkalýðsskald“ sem

Háskólinn í Uppsölum, 1974.

⁶ Claudia Gioia, *Maksim Gor'kij nelle pagine di Moa e Harry Martinson*, óbirt meistararitgerð, Háskólinn í Bologna, 2022.

⁷ Carol Garrard og John Garrard, *Inside the Soviet Writers' Union*, London og New York: I. B. Tauris & Co, 1990, bls. 29.

⁸ Magnus Nilsson, „The Making of Swedish Working-Class Literature“, *Working-Class Literature(s). Historical and International Perspectives*, 1. bindi, ritstjórar John Lennon og Magnus Nilsson, Stokkhólmur: Stockholm University Press, 2017, bls. 103. Nicklas Freisleben Lund, „Towards the Light, into the Silence. Danish Working-Class Literature Past and, Perhaps, Present“, *Working-Class Literature(s). Historical and International Perspectives*, 2. bindi, ritstjórar John Lennon og Magnus Nilsson, Stokkhólmur: Stockholm University Press, 2020, bls. 59–62.

⁹ Það gerði Blomberg líka en sem leiðandi marxískur bókmenntagagnrýnandi átti hann þátt í að verkalýðsbókmenntir öðluðust mikilvægi í sænskum nútímabókmenntum (Magnus Nilsson, „The Making of Swedish Working-Class Literature“, bls. 103).

¹⁰ Nicklas Freisleben Lund, „Towards the Light, into the Silence“, bls. 56–58; Per-Olof Mattsson, *Martin Andersen Nexø. Den nordiska arbetarlitteraturens pionjär*.

¹¹ Magnus Nilsson, „The Making of Swedish Working-Class Literature“, bls. 103–104.

höfðu „lagt undir sig“ sænsku bókmenntakanónuna, eins og Karl Ragnar Gierow frá Sænsku akademíunni komst að orði í aðalræðu verðlaunaafhendingarinnar.¹²

Sænsku verkalýðshöfundarnir nutu ekki aðeins velgengni í Skandinavíu heldur fengu þeir einnig athygli og viðurkenningu alþjóðlega. Þetta var ekki síst raunin í Sovétríkjunum sem gerði það að verkum að þeir skipuðu stóran hluta skandinavísku sendinefndarinnar á rithöfundapönginu árið 1934. Líkt og við munum varpa ljósi á í þessari grein var samband skandinavískra verkalýðsbókmennta og þeirra kenninga sem boðaðar voru á þönginu eigi að síður verulega flókið.

Martin Anderson Nexø og Moa Martinson heilluðust bæði af þönginu 1934 sem og Sovétríkjunum almennt. Nexø var auk þess skrifaður inn í kanónu sósíalískra raunsæisbókmennta, hlaut Stalín-verðlaunin og varði hinstu árum ævi sinnar sem höfundur í Austur-Þýskalandi.¹³ Staða hans í heimi kommúnisma kemur sterkt fram í sósíalísku raunsæismálverki Heinrichs Witz (1924–1997) „Ein Besuch bei M.A. Nexø“ („Heimsókn til M.A. Nexø“, málað fyrir 1961). Þannig varð hann sannarlega hluti af rauðu heimsbókmenntunum sem Sovétríkin kynntu til sögunnar. Þrátt fyrir það eru hvorki Nexø né Moa Martinson, eða reyndar nokkur annar nafntogaður skandinavískur verkalýðshöfundur, undir sterkum áhrifum frá kenningu sósíalíks raunsæis í fagurfræðilegri hugsun sinni eða bókmenntaiðkun.



„Besuch bei M.A. Nexø“ („Heimsókn til M.A. Nexø“, fyrir 1961), sósíalískt raunsæismálverk eftir austur-þýska listamanninn Henrich Witz.

¹² Karl Ragnar Gierow, „Award ceremony speech“, 1974, sótt 3. september 2021 af <https://www.nobelprize.org/prizes/literature/1974/ceremony-speech/>.

¹³ Sjá Henrik Yde, *Nexø. Martin Andersen Nexøs liv og værk*, bls. 341–356.

Sumir fræðimenn halda því jafnvel fram að skandinavískar verkalýðsbókmenntir eigi því sem næst ekkert sammerkt með sósíalísku raunsæi. Dæmi um það má finna í samburði bókmenntafræðingsins Philippe Bouquet á sænskum verkalýðsbókmenntum og sovéskum bókmenntum, en hann telur þær síðarnefndu þvingaðar af „járnhlekkjum sósíalíks raunsæis“ („den socialistiska realismens järnkorsett“).¹⁴

Í þessari grein leggjum við til aðra fræðilega nálgun á samband skandinavískra verkalýðsbókmennta og sósíalíks raunsæis. Jafnvel þó að bein áhrif sósíalíks raunsæis hafi verið takmörkuð, fékk stefnan engu að síður þó nokkra athygli í bókmenntaumræðunni. Af þeim sökum getur greining á sambandi sósíalíks raunsæis og skandinavískra verkalýðsbókmennta leitt af sér nýja sýn, ekki einungis á tvær vinstrisinnaðar bókmenntastefnur, heldur einnig á það hvernig eigi að staðsetja þær hugmyndafræðilega í alþjóðlegu samhengi og þannig aukið skilning á því sem kalla má *rauðar heimsbókmenntir*. Í stuttu máli höldum við því fram að þessar heimsbókmenntir samanstandi ekki eingöngu af þjóðlegum (eða svæðisbundnum) tilbrigðum einnar ákveðinnar vinstrisinnaðrar bókmenntahefðar, heldur af fjölbreyttum skólum sem búi yfir tiltölulega miklu sjálfstæði þrátt fyrir að tengjast innbyrðis.¹⁵

Viðbrögð sænskra og danskra verkalýðshöfundu við þinginu árið 1934

Martin Andersen Nexø lék nokkuð stórt hlutverk á þinginu í Moskvu árið 1934. Jafnvel áður en þingið hófst birti hann stutta grein í *Pravda* (3. júní 1934) undir yfirskriftinni „Den socialistiske realisme er vort våben!“ („Sósíalískt raunsæi er okkar vopn!“).¹⁶ Greinin gaf tóninn fyrir ræðu hans á þinginu sem var í heildina jákvæð, á köflum jafnvel hátíðleg. Nexø kom þó með gagnrýnar athugasemdir. Til dæmis vakti hann athygli á tilhneigingu sovéskra höfunda til að hundska erfiði

¹⁴ Philippe Bouquet, *Spaden och pennan. Den svenska proletärromanen*, þýðandi Jan Stolpe, Stokkhólmur: Carlsson, 1990, bls. 18. Allar þýðingar eru okkar.

¹⁵ Við notum hugmyndina um vinstrisinnaða bókmenntaskóla til að tákna fjölbreyttar tegundir bókmennta sem mótast af tengslum við vinstri pólitík og hugmyndafræði. Hugtakið nær heildrænt yfir sósíalískt raunsæi en ekki allar tegundir verkalýðsbókmennta. Með verkalýðsbókmenntum er átt við bókmenntir sem hafa verið kanóniseraðar sem slíkar, til dæmis í bókmenntasögulegum ritum, óháð pólitískum tengslum þeirra.

¹⁶ „Der hviler et stort ansvar på den proletariske digter og et særligt stort ansvar på jer, fordi I står i spidsen, ja egentlig er fortroppen for menneskeheden. Jeg hilser jer som fortrop, jeg beundrer jer for, hvad I allerede har udrettet og ønsker jer stor fremgang fremover.“ Vitnað eftir Børge Houmann, *Martin Andersen Nexø og hans samtid*, 3. bindi, Kaupmannahöfn: Gyldendal, 1988, bls. 97.

og framlag eldri sósíalískra öreigahöfunda utan Sovétríkjanna. Þar að auki dró hann í efa meintan tilfinningaskort í sovéskum bókmenntum, sérstaklega þegar kom að eiginleikum eins og skopskyni og hlýju. Engu að síður einkenndust lokaorð hans af heillaóskum:

Mikil ábyrgð hvílir á öreigahöfundinum og einkum og sér í lagi á þér, af því að þú ert í fararbroddi, í raun leiðtogi mannkyns. Ég hylli þig sem leiðtogann, dáist að þér fyrir það sem þú hefur þegar áorkað og óska þér mikillar velgengi í framtíðinni.¹⁷

Á sama tíma og afstaða Nexø til sósíalíks raunsæis einkenndist af miklum eldmóði innihélt hvorki greinin í *Pravda*, né ræðan, ýtarlega fræðilega umræðu eða hugleiðingu um þá kenningu. Vitaskuld tengist það að hluta til því að kenningin var nýnæmi. Í stað þess að nálgast sósíalískt raunsæi sem nýja andríka sýn fyrir vinstri bókmenntir kynnti Nexø stefnuna sem lítið meira en framhald af alþjóðlegri hefð sem var þá þegar til staðar. Sósíalískt raunsæi birtist því sem eins konar regnhlífahugtak yfir víðtæka hugsjón um bjartsýnt og leitandi raunsæi, undir verulegum áhrifum af sósíalísku og/eða húmanísku siðferði. Eftir þingið eru þar að auki lítil ummerki um sovéska bókmenntaorðræðu í ritgerðaskrifum Nexø um stétt og bókmenntir. Enn fremur, líkt og Nexø-sérfræðingurinn Henrik Yde hefur undirstrikað, höfðu sovéskar bókmenntahugsjónir engin sýnileg áhrif á bækur hans.¹⁸

Á sama tíma blasir við að Nexø var mikilvægur rithöfundur fyrir viðleitni Sovétríkjanna til að þróa rauðar heimsbókmenntir. Sem þekktur rithöfundur á alþjóðavettvangi var hann mikilvægur bandamaður sovéskrar menningar, skrifaði töluvert um ferðalög sín til Sovétríkjanna sem hann sótti heim þó nokkrum sinnum. Þar að auki lagði hann oft til efni í fjöltyngda bókmenntaúmaritið *International Literature*, sem var mikilvæg stofnun í tilraunum Sovétríkjanna til að þróa rauðar heimsbókmenntir á alþjóðavettvangi (en hafði þó óveruleg áhrif á danskt bókmenntalíf).¹⁹ Þannig lék Nexø ekki einungis lykilllutverk í skandinávískum verkafýrðsbókmenntum heldur hafði hann einnig sterka stöðu innan kanónu rauðra heimsbókmennta.

¹⁷ Hér vitnað eftir Børge Houmann, *Socialistisk bibliotek*, „Med Nexø til de sovjetiske forfatteres første kongres“, *Land og Folk* 25.-26, ágúst 1984, sótt 12 september 2023 af <https://socbib.dk/med-nexoe-til-de-sovjetiske-forfatteres-foerste-kongres/>.

¹⁸ Henrik Yde, *Nexø. Martin Andersen Nexø's liv og værk*, bls. 10.

¹⁹ Erik Møller Pedersen, *Sovjettlitteraturen i Danmark, 1927–1939*, Árósar: Arkona, 1982, bls. 73.

Tengsl Nexøs við sovéskar bókmenntir, látaust lof hans á sovésku samfélagi og eindreginn stuðningur við sovésk stjórnámál hafa tvímælaust haft áhrif á stöðu hans í bókmenntasögunni. Þessi tengsl veiktu stöðu hans í danskri bókmenntasögu á tíma kalda stríðsins og í kjölfar þess. Aftur á móti var staða hans innan hefðar verkalyðsbókmennta áfram sterk. Til dæmis var áhrifamikli verkalyðshöfundurinn Eyvind Johnson (sem síðar deildi Nóbelsverðlaununum með Harry Martinson) ötull stuðningsmaður Nexøs, þrátt fyrir að vera gagnrýninn á sovéskan kommúnisma.

Viðbrögð sænskra verkalyðshöfunda við þinginu árið 1934 voru misjöfn. Moa Martinson, sem hélt opunarávarpið fyrir hönd skandinavísku sendinefndarinnar, var að sumu leyti áhugasöm. Að minnsta kosti í upphafi.²⁰ Í ræðunni sagði hún skandinavísku sendinefndina vera „djúpt snortna“ af upplifun sinni. Bæði á götum Moskvu, í verksmiðjum, og á þinginu, þar sem „hönd og hugur hefðu í fyrsta skipti í mannskynsögunni staðfastlega ákveðið að ganga í takt“. Hún hélt því fram að „góðir öreigahöfundar“, með „skarpa vitsmuni og eldheitan anda“ væru einnig til í Vestur-Evrópu. Þeir væru þó „of fáir“ og gætu lært mikið af Sovétríkjunum. Undir lok ræðunnar lagði hún til að „sovéskir rit höfundar verði að sá fræjum menningar fyrir alla veröldina“. Á meðan Nexø kynnti verkalyðshöfunda annarra landa sem fyrirmyndir sovéskra höfunda, hélt Moa Martinson fram hinu gagnstæða og fullyrti að verkalyðshöfundar annarra landa ættu að læra af kollegum sínum í Sovétríkjunum. Hún sjálf væri þar að auki undir miklum áhrifum frá höfundum eins og Gorkij, Gladkov, Ehrenbúrg og Veru Inber, auk sovéskra kvikmynda.

Eftir heimkomuna birti Moa Martinson jákvæða grein um þingið. Fyrir þær sakir veittust nokkrir borgaralegir gagnrýnendur að henni og hélt Moa því fram að jákvæð ummæli hennar um þingið hafi haft neikvæð áhrif á viðtökur gagnrýnenda á verkum hennar í nokkur ár.²¹ Þrátt fyrir áhugann og virðinguna sem hún sýndi nokkrum sovéskum höfundum verður þó ekki séð að skrif hennar hafi orðið fyrir áhrifum, formlega eða efnislega, af þeim bókmenntahugsjónum sem haldið var uppi á þinginu árið 1934. Moa Martinsson var vissulega fylgjandi kenningunni um sósíalískt raunsæi, líkt og Nexø, en áhrifanna gætir ekki í skrifum hennar.

Harry Martinson sagði og skrifaði lítið, ef nokkuð, um þingið. Nokkrum

²⁰ Við erum þakklátir fyrir upplýsingar frá Claudia Gioia en hún skrifaði meistararitgerð um tengsl Harry og Moa Martinson við sovéskar bókmenntir. Hún deildi meðal annars með okkur efni úr rannsókn á skjölum frá þingstörfunum, þar á meðal ræðu Moa Martinson.

²¹ Moa Martinson, *Armén vid horisonten*, Stokkhólmur: Tiden, 1942, bls. 258.

árum síðar, árið 1940, gaf hann aftur á móti út skáldsögu – *Verklighet till döds* (*Raunsei til dauða*) – þar sem hliðarsjálfi hans, Holter Tidman, segir frá reynslu sinni í Moskvu. Tidman er hreint út sagt fullur vanþóknunar. Til dæmis lýsir hann Gorkij sem „útbrunnu og sjúku skáldi sem [...] í heiðarlegri tilraun sinni til að vera algerlega og bókstaflega trúr ríkinu, stóð og talaði gegn betri vitund ljóðræns ímyndunarafis síns“.²² Viðhorf Harrys Martinson til þingsins árið 1934, eins og það birtist í *Verklighet till döds*, er algjörlega andstætt viðhorfi fyrrum eigin konu hans (þau fóru hvort í sína áttina árið 1939 og Moa bað um skilnað ári síðar). Eigi að síður er sú staðreynd að hann ræðst gegn sósíalísku raunsei í skáldsögu sinni áhugaverð vegna þess að kenningin hafði hvorki vakið mikla athygli né haft áhrif í Svíþjóð. Þannig vaknar sú spurning hvort sósíalíska raunseið sem Harry Martinson ræðst gegn hafi verið staðgengill fyrir eitthvað annað. Til dæmis gæti hugtakið verið samheiti fyrir Sovétríkin, sem Harry Martinson gagnrýndi mikið á þessum tíma. Raunar gerðist Harry Martinson sjálfboðaliði hjá Finnum, í félagi við Eyvind Johnson, í Vetrarstríðinu svokallaða gegn Sovétríkjunum á árunum 1939–1940.

Einnig er hægt að túlka ádeilu Harry Martinson á þingið árið 1934 sem hluta af gagnrýni hans á tæknimenningu. Slagorðið að rithöfundar væru „verkfræðingar mannsálarinnar“ var miðlægt í kenningunni um sósíalískt raunsei. Þannig vitnaði t.d. Zhdanov í slagorðið í aðalræðu þingsins árið 1934.²³ Enn fremur hafði Moa Martinson lýst því yfir í ræðu sinni á þinginu að í samanburði við hinn kapitalíska heim hefði tæknin í Sovétríkjunum „fundið sér réttmæta nýtingu“. Í *Verklighet till döds* er fordæming á tækni hins vegar meginþemað.

Árið 1942 skrifaði Moa Martinson einnig um þingið árið 1934 í bókmenntaverki, nánar tiltekið í sjálfsævisögulegu skáldsögunni *Armén vid horisonten* (*Herinn við sjóndeildarhringinn*). Það að hún hafi verið rituð til höfuðs ádeilu Harrys Martinson virðist óumdeilanlegt.²⁴ Ummæli Mou Martinson um þingið í *Armén vid horisonten* eru stutt:

²² „[E]n utbrunnen och sjuk diktare som [...] i sin stora ärliga vilja att vara absolut logiskt statslojal, stod och talade mot sin egen diktarfantasis bättre vetande“. Harry Martinson, *Verklighet till döds*, Stokkhölmur: Norstedt, 1940, bls. 11.

²³ Carol Garrard og John Garrard, *Inside the Soviet Writers' Union*, bls. 34.

²⁴ Ólík viðbrögð Harry og Moa Martinson við þinginu árið 1934 eru gjarnan notuð sem tákni fyrir þær (pólítísku) erjur sem leiddu til skilnaðarins. Stundum eru þau jafnvel meira og minna sögð aðalástæðan fyrir skilnaðinum. Gott dæmi um þetta er að finna í kvikmyndinni *Moa* frá árinu 1986, sem skrifuð var og leikstýrt af Anders Wahlgren. Þar verða deilur þeirra á ráðstefnunni, þar sem Harry ásakar Moa um að vera hrekklause á pólítíska sviðinu (og gamla!), aðalskýringin á þeim áskorunum sem mættu þeim í hjónabandinu.

Eitt sinn á þinginu, þegar Búkharín deildi fremur harkalega á rússneska rithöfundinn Majakovskij, og ungu rússnesku rithöfundarnir skömmuðu Búkharín með orðum og látbragði, varð mér ljóst að þetta var ekki bara bókmenntadeila.

Ágreiningurinn hafði með pólitík að gera.

Ég fékk skyndilega löngun til að fara [...].²⁵

Á þessum tímapunkti setur Moa Martinson fram einhvers konar gagnrýni þegar hún lýsir því hvernig sovésku höfundarnir blönduðu saman umræðu um pólitík og bókmenntir.²⁶ Engu að síður hélt hún áfram að lofsyngja Sovétríkin, sem styður við grunsemdir um að þingið árið 1934 hafi oft gegnt hlutverki staðgengils fyrir sovéskan kommúnisma í sænskri bókmenntaumræðu.



Ári síðar kom út önnur verkalýðsskáldsaga í Svíþjóð þar sem þingið 1934 var til umfjöllunar, þó með óbeinum hætti. Í skáldsögunni *Traktorn* (*Traktorinn*) eftir Ivar Lo-Johansson (1901–1990) er fjallað um þingið og slagorð þess. Skáldsöguna má einnig lesa sem andsvar við *Verklighet till döds* eftir Harry Martinson. Lo-Johansson er almennt talinn vera erkitýpa sænskra tuttugustu aldar verkalýðshöfunda í Svíþjóð og *Traktorn* er ekki fyrsta bók hans sem hefur að geyma opinbera ritdeilu hans við Harry Martinson. Í sjálfssævisögulegri skáldsögu sinni *Författaren* (*Höfundurinn*, 1957) lýsir Lo-Johansson því hvernig hann og Martinson áttu í bókmenntalegum ágreiningi allt frá því að þeir hittust fyrst á þriðja áratugnum. Í skáldsögum Lo-Johanssons er einnig að finna dæmi um athugasemdir og gagnrýni hans á verk Martinson.²⁷ Á þessum tíma var Lo-Johansson hliðhollur raunsæjum og pólitískum bókmenntum, Martinson var í hans huga fulltrúi rómantískra og íhaldssamra bókmenntahugsjóna. Það að Lo-Johansson gaf skáldsögu sinni titilinn *Traktorn* felur í sér gagnrýni á fullyrðingu Martinsons, í *Verklighet till döds*, um að Mikhaíl Sholokhov hafi verið þvingaður af sovéskum yfirvöldum til að skrifa um traktora, umfjöllunarefni sem Martinson áleit hafa lítið bókmenntalegt gildi. Svo virðist sem Lo-Johansson hafi viljað bjóða fullyrðingunni birginn og sýna fram á að það væri svo sannarlega hægt að skrifa skáldsögur um traktora.

²⁵ „En dag då Bucharin på kongressen gick hårt åt den ryske författaren Majakovskij, och de ryska unga författarna med ord och åtbörder skällde ut Bucharin, så förstod jag att det inte enbart var en litterär träta. / Trätan hade med politik att göra. /Jag fick plötsligt lust att fara därifrån [...]“ Moa Martinson, *Armén vid horisonten*, bls. 253.

²⁶ Moa Martinson, *Armén vid horisonten*, bls. 258.

²⁷ Ivar Lo-Johansson, *Författaren*, Stokkhólmur: Bonniers, 1957, bls. 10–15; Magnus Nilsson, *Den moderne Ivar Lo-Johansson*, Hedemora: Gidlunds förlag, 2003, bls. 112–114.

Traktorn er ein fárra sænskra verkalýðsskáldsagna sem hefur tengingar við sósíalískt raunsæi. Hún segir sögu af tilraun til að nútímavæða landbúnaðarframleiðslu á stóru samyrkjubúi. Þannig líkist hún sovésku framleiðsluskáldsögunni efnislega og að formi, eins og Katerina Clark lýsir henni.²⁸ Því hefur jafnvel verið haldið fram að *Traktorn* sé skrifuð í samræðu við annálaða sósíalíska raunsæisskáldsögu Sholokhovs *Nýplægð jörð*.²⁹ Í sænskri þýðingu á skáldsögu Sholokhovs, sem gefin var út árið 1935, voru traktorar á forsiðunni. Það er því ekki ólíklegt að það sé ástæða þess að Martinson telji Sholokhov hafa verið þvingaðan til að skrifa um traktora.



Forsíður sænsku útgáfunnar af *Nýplægð jörð* frá árinu 1934 og *Traktorn*.

Það að Lo-Johansson eigi í samræðu við annálaða sósíalíska raunsæisskáldsögu þýðir þó ekki að staðsetja beri *Traktorn* innan þeirrar bókmenntategundar eða -hefðar. Í reynd eru ekki aðeins líkindi á milli skáldsögu Lo-Johanssons og framleiðsluskáldsögu sósíalíska raunseisins heldur einnig mikilvægur greinarmunur. Sem dæmi skortir skáldsöguna alveg *rómantíska* yfirbragðið sem Clark tengir við sósíalískt raunsæi. Sagan tengir einnig við áherslu bókmenntahefðarinnar

²⁸ Katerina Clark, *The Soviet Novel. History as Ritual*, Chicago og London: Chicago University Press, 1985 [1981]; Magnus Nilsson, *Den moderne Ivar Lo-Johansson*, bls. 147–150.

²⁹ Sama heimild, bls. 150–157.

á að sýna veröldina ekki aðeins eins og hún er, heldur eins og hún verður eða ætti að vera samkvæmt marxísk-lenínískri hugmyndafræði. Að einhverju leyti tengist þetta hollustu Lo-Johanssons við jafnaðarstefnu fremur en kommúnisma. Það kom þó ekki í veg fyrir að hann væri jákvæður í garð Sovétríkjanna, sem hann sótti heim nokkrum sinnum. Það hlýtur líka að tengjast þeirri staðreynd að pólitíska og efnahagslega landslagið í Svíþjóð var mjög ólíkt því semól af sér kenninguna um sósíalískt raunsæi. Til einföldunar: Pólitísk áform sænsku verkalýðshreyfingarinnar – að nota meirihlutastöðu á þinginu til að byggja upp velferðarríki – voru mjög frábrugðin uppbyggingu sósíalisma í Sovétríkjunum, sem gaf af sér mismunandi pólitískt landslag.

Þrátt fyrir þennan ágreining var Lo-Johansson hrifinn af Sholokhov og ritverkum hans. Hann lagði meira að segja til að Sholokhov fengi Nóbelsverðlaunin. Í grein frá árinu 1946 lofsöng hann *Lygn streymir Don*, ekki aðeins sem dæmi um „stórbrotna“, heldur einnig „frjálsa“ list.³⁰ Það er vel hægt að lesa þetta sem gagnrýni á tilgátu Harry Martinson um að Sholokhov hafi verið *þvingaður* til að skrifa um efni sem hafi *takmarkað bókmenntalegt gildi* eins og traktora.

Það að samræða Lo-Johansson við sósíalískt raunsæi sé flækt í samræður við Harry Martinson og hans pólitísku og fagurfræðilegu gildi, er enn önnur vísending um að í Skandinavíu hafi sovésk fagurfræði oft verið staðgengill fyrir eitthvað annað. Það sýnir enn fremur að sovéskar bókmenntahugsjónir, líkt og kenningin um sósíalískt raunsæi, voru sannarlega umsvifamiklar í skandinavískum bókmenntum. Áhugaverð vending í sögunni, um það hvernig sænskir verkalýðshöfundar brugðust við sósíalísku raunsæi, er sú staðreynd að nokkrum áratugum síðar tilnefndi Harry Martinson, þá orðinn meðlimur Sænsku Akadémíunnar, Sholokhov til Nóbelsverðlaunanna sem hann hlaut árið 1965.³¹

Átök vinstrisinnaðra bókmennta?

Af hverju hafði sósíalískt raunsæi svona takmörkuð áhrif á skandinavíska verkalýðshöfunda? Við höldum því fram að aðalástæðan sé tilvist sterkrar innlendrar hefðar verkalýðsbókmennta. Þegar kenningin um sósíalískt raunsæi var þróuð höfðu verkalýðsbókmenntir, eins og bent hefur verið á hér að framan, þegar sterka stöðu í Skandinavíu. Af þeim sökum kemur það varla á óvart að verkalýðshöfundar væru tregir til að taka upp nýja bókmenntahefð. Enn fremur var pólitískt

³⁰ Sjá Magnus Ljunggren, „Pátryckningar kan ha gett Sjolochov priset“, *Svenska Dagbladet* 10. október 2012, sótt 11. september 2023 af <https://www.svd.se/a/81f226cb-e462-30dc-9711-ca2e4fbb55b/patryckningar-kan-ha-gett-sjolochov-priset>.

³¹ Magnus Ljunggren, „Pátryckningar kan ha gett Sjolochov priset“.

landslag í Skandinavíu gjörólíkt því sem var í Sovétríkjunum. Til dæmis var jafnaðarstefna, ekki kommúnismi, ráðandi pólitískt afl á vinstri vængnum. Það kemur sérstaklega skýrt fram í Danmörku að þessi þróun mótaði viðtökur sovéskra bókmenntahefða þar, en umræður í Danmörku um verkalýðsbókmenntir voru mun pólitískari en í Svíþjóð.

Í Danmörku hefur tímabilinu 1924–1934 verið lýst sem skeiði róttækrar jafnaðarstefnu í menningarpólitíkinni. Tímabilið einkenndist af því að komið var á fót menntunar- og menningarverkefnum, ásamt innviðum, sem treystu grundvöll og þróuðu sýn á menningu sem byggði á reynslu og hag verkalýðsstéttarinnar. Slíkri pólitískri sýn fylgdi öflug fræðileg gagnrýni og ágreiningur um samband stéttar og menningar.³² Mikilvægt framlag til hennar má finna í bók jafnaðarmannsins, stjórnmalamannsins, rithöfundarins og bókmenntagagnrýnandans Julius Bomholt (1896–1969), *Arbejderkultur (Menning verkalýðsstéttarinnar, 1932)*. Þar stillir hann upp forskrift að hugsjón verkalýðsbókmennta, það er bókmennta sem: a) hafi samsvörun við líf og reynslu verkalýðsins; b) gefi innihaldi meira vægi en formi; c) byggji á hugmyndum og gildum verkalýðsstéttarinnar; d) líti á björtu hliðarnar og beini sjónum að framsæknu öflunum í samfélaginu.³³

Forskrift Bomholts fyrir verkalýðsbókmenntir svipar að mörgu leyti til túlkunar Nexøs á sósíalísku raunsæi á þinginu árið 1934. Það er hugsanlegt að báðir hafi fengið innblástur frá alþjóðlegri bókmenntaumræðu um rauðar heimsbókmenntir frá þriðja áratugnum og áfram. Árið 1934, það er að segja einmitt á þeim tíma þegar kenningunni um sósíalískt raunsæi var hleypt af stokkunum, átti sér hins vegar stað umbreyting hjá danska jafnaðarmannaflokknum sem fór frá „flokki stéttanna“ til „flokks fólksins“. Lýsingar á menningarlegum afleiðingum umbreytinganna komu fram í bók Bomholts frá árinu 1938, sem bar við-eigandi titilinn *Kulturen for Folket (Menningin fyrir fólkið)*. Í henni fjarlægist Bomholt hugsjónina um sértækar verkalýðsbókmenntir og þróar í staðinn hugmynd um alhliða *menningu fólksins*. Litlu síðar kynnir hann einnig til sögunnar hugmyndina um „lýðræðislegt raunsæi“, sem hann staðsetur skýrt í andstöðu við kenningu sósíalísku raunsæis og meinta úrelta hugmyndafræði hennar um stétt (átök).³⁴

Í Danmörku takmarkaði þróun innlendra sósíaldemókratískrar orðræðu um verkalýðsbókmenntir innkomu nýrra hugmynda um vinstri bókmenntir, sem var fyrirstaða fyrir sósíalískt raunsæi. Fyrir vikið áttu umræður um sósíalískt raunsæi undir lok fjórða áratugarins sér fyrst og fremst stað á meðal róttæka vinstrisins

³² Nicklas Freisleben Lund, „Towards the Light, into the Silence“, bls. 59–62.

³³ Julius Bomholt, *Arbejderkultur*, Kaupmannahöfn: Forlaget Fremad, 1932, bls. 160–162.

³⁴ Julius Bomholt, „Socialistisk realisme“ [1939], *Arbejderkultur 1924-1948*, ritstjórar Ib Bondebjerg og Magnus Olav Harsløf, Kaupmannahöfn: Medusa, 1979, bls. 520–525.

í Danmörku, þar á meðal kommúnistaflokksins. Danski kommúnistaflokkurinn var fremur jaðarsett pólitískt afl á millistríðsárunum en á meðal flokksmannanna, bæði félagar og óflokksbundinna stuðningsmanna, má finna nokkra af áhrifamestu menntamönnum samtímans. Þar sem flokkurinn var ekki með opinbera menningarstefnu eða pólitík voru það enn fremur þessir menntamenn sem mótuðu sýn kommúnista á menningarmál, sýn sem var þó ekki alltaf vel formuð eða skýr.³⁵

Það var á meðal þessara kommúnísku menntamanna sem umræðan um sósíalískt raunsæi átti sér stað í Danmörku.³⁶ Árið 1938 birti vinstrisinnaða tímaritið *Clarté* þýðingu á ræðu Gorkijs frá rithöfundapönginu 1934 en blaðið hafði leikið mikilvægt hlutverk í fyrstu bylgju alþjóðasinnaðra vinstribókmennta. Þetta varð kveikjan að stuttri deilu sem náði þó aðallega til vangavelta um list (einkum málverksins). Hugleiðingar um sósíalískar raunsæisbókmenntir léku aðeins lítið hlutverk og vöktu einkum athygli tveggja aðila, sem báðir voru meðlimir kommúnistaflokksins: sjálfmenntaða verkalyðshöfundarins Haralds Herdal (1900–1979) og kommúníska fræðahöfundarins og gagnrýnandans Hans Kirk (1898–1962).

Herdal skrifaði mjög jákvæða en fremur yfirborðskennnda gagnrýni á ræðu Gorkijs, sem hann fylgdi svo fljótlega eftir í ritgerðinni „Socialistisk realisme i romanen“ („Sósíalískt raunsæi í skáldsögunni“). Þar viðurkendi hann mikilvægi gagnrýnins raunsæis á það sem hann hafði áður nefnt borgaralegar bókmenntir, en færði einnig rök fyrir þörfinni á að þróa danskt sósíalískt raunsæi sem sneri baki við „neikvæðri gerð“ gagnrýnins raunsæis en beindi athyglinni að „jákvæðri, framsýnni og skapandi hlið sósíalísmans“.³⁷

Eigi að síður standast ritverk Herald ekki þessar kröfur. Skáldsagan *En egen af landet* (*Hérað í landinu*, 1939) fjallar um hefðbundna og kraftmikla öreigahetju (það er að segja kommúníska) eftir uppskrift sósíalísku raunsæis. Tilraunaskáldsaga hans *Løg* (*Laukurinn*) frá árinu 1935 var þó harðlega gagnrýnd af Kirk, sem hafnaði henni á þeirri forsendu að hún væri of svartsýn, of öfgafull og þar af leiðandi *of óraunsæi* í lýsingu sinni á eynd lágstéttanna. Þannig virðist fræðileg hollusta við sósíalískt raunsæi enn og aftur hafa takmörkuð áhrif á raunveruleg bókmenntaverk.

Ritverk Kirks, *Fiskerne* (*Fiskarnir*, 1923), *Daglejerne* (*Daglaunamenn*, 1936), og *De ny tider* (*Nýir tímar*, 1939) – hafa verið dregin fram sem dæmi um danskt sósíalískt

³⁵ Morten Thing, *Kommunismens kultur*, Kaupmannahöfn: Tiderne Skifter, bls. 497–500; 558–566.

³⁶ Morten Thing, *Kommunismens kultur*, bls. 562–563; Ib Bondebjerg, *Proletarisk offentlighed*, 2. bindi, Kaupmannahöfn: Medusa, bls. 362–363; Erik Møller Pedersen, *Sovjetlitteraturen i Danmark, 1927-1939*, bls. 73.

³⁷ Harald Herdal, *Løg*, Kaupmannahöfn: Gladiator, 2018 [1935], bls. 623.

raunsæi.³⁸ Tveir síðastnefndu titlarnir eru álitnir bera sérstaklega keim af framleiðsluskáldsögunni. Í fræðilegum og gagnrýnum skrifum sínum notaðist Kirk þó sjaldan við hugmyndir sósíalíks (eða gagnrýnins) raunsæis. Af þeim sökum er hægt að færa rök fyrir því að hann snúi á hvolf stöðu Herdals með því að nýta sér sósíalískt raunsæi í stað þess að velta honum fyrir sér fræðilega.³⁹

Það sem liggur að baki tregðu Kirk við að tileinka sér gagnrýna orðræðu sósíalíks raunsæis má finna í nokkrum ritgerðum frá lokum þriðja áratugarins, til að mynda í greininni „Om proletarisk kunst“ („Um öreigalist“, 1927), þar sem hann heldur því meðal annars fram að „list verði ekki mótuð, hún verði að spretta upp á lífrænan hátt“. ⁴⁰ Í ritgerðinni „Litteraturen og arbejderne“ („Bókmenntir og verkamennirnir“, 1928) ritar hann eftirfarandi:

Þegar öreigastéttin yfirtekur efnahagslegt vald og umbreytir samfélaginu í samræmi við þarfir sínar, vonandi í fyrirsjáanlegri framtíð, kemur hún eðlilega [...] mun hún að sjálf sögðu hafa afgerandi áhrif á formgerð og inntak bókmennta. Hvernig nýjar öreigabókmenntir þróast er ein af þeim spurningum sem enginn getur svarað. Okkur er einfaldlega meiri hagar í því að bókmenntir okkar taki skýra sósíalíska afstöðu og leysi þau verkefni sem bíða.⁴¹

³⁸ Claus Engelund, Ronald Gernskov og Lis Tanghøj, *Arbejde og dagligt brod. Om Hans Kirks Daglejerne og De ny Tider*, Kaupmannahöfn: Litteratur og Samfund, 1979.

³⁹ Öðrum sjónarhornum hefur verið haldið á lofti. Í rannsókn á dönsku félagskáldsögunni á fjórða áratugnum kynnir Ole Ravn þríþætta formgerðarflokkun: i) gagnrýnu raunsæisskáldsöguna, ii) sósíalísku raunsæisskáldsöguna; iii) einstaklingskáldsöguna. Hvorki skáldsögur Kirks né skáldsögur Haralds eru skilgreindar sem sósíalískar raunsæisskáldsögur (sem að mati Ravns var sjaldgæft á fjórða áratugnum). Til samanburðar stillir Ib Bondebjerg *báðum* höfundum upp sem sósíalískum raunsæishöfundum. Þannig varpa rannsóknirnar tvær, sem báðar eru unnar á áttunda áratugnum, ekki aðeins ljósi á takmarkaða umræðu um sósíalískt raunsæi í Danmörku á milllistriðsárunum, heldur skýra einnig hvernig stöðug og markviss hugmyndavinna með hugtakið og kenninguna varð aldrei að veruleika. Ole Ravn, „Harald Herdal og den kritiske realisme“, *Kritik* 33/1975; Ib Bondebjerg, *Proletarisk offentlighed*, 2. bindi, bls. 338.

⁴⁰ „Kunst kan ikke konstrueres, den må gro organisk frem.“ Hans Kirk, „Om Proletarkunst“, *Kritisk revy* 2/1927, bls. 16.

⁴¹ „Når proletariatet, forhåbentlig i en overskuelig fremtid, tager den økonomiske magt og omdanner samfundet efter sit behov, vil det naturligvis [...] øve afgørende indflydelse på litteraturens indhold og form. Hvordan en ny, proletarisk litteratur vil fremtræde, hører til spørgsmål, som ingen kan besvare. Det må også interessere os mere, at vor egen litteratur får den klare socialistiske indstilling og løser de opgaver, som ligger for.“ Hans Kirk, „Litteraturen og arbejderne“ [1928], *Litteratur og Tendens. Essays og artikler*, Kaupmannahöfn: Gyldendal, 1974, bls. 29.

Hugmyndin um staðbundnar og sjálfsprottnar öreigabókmenntir skýrir tregðu Kirks við að flytja inn sovéska orðræðu um sósíalískt raunsæi. Þessi hugmynd Kirks útskýrir einnig sérkennileg viðbrögð hans við ræðu Gorkijs í gagnrýni sinni á dönsku þýðinguna, sem þegar hefur verið minnst á. Kirk leggur áherslu á tilraun Gorkijs til að tengja munnlega bókmenntahefð við sósíalískt raunsæi. Þar af leiðandi heldur hann því fram að kjarna sósíalísku raunsæis verði að skilja sem tilraun verkalýðsstéttarinnar til að skapa „sameinaðan vitnisburð um reynslu hennar, holdgervingu hugmynda hennar“.⁴² Þetta verður til þess að hann lofar staðhæfingu Gorkijs um að „sósíalismi og raunsæi þurfi að tengjast órofa böndum í skáldsögunni“. Hann undirstrikar þó einnig mikilvægi einlægni og hleypidómaleysis, hafnar hvers kyns „fræðilegum og kredubundnum skilningi á bókmenntum“.⁴³

Kenning sósíalísku raunsæis naut jafnvel enn minni athygli fræðimanna í Svíþjóð en í Danmörku. Sósíalíski gagnrýnandinn Erik Blomberg, sem líkt og nefnt var í inngangi þessarar greinar var hluti af skandínávísku sendinefndinni á þinginu árið 1934, rýndi í dönsku þýðinguna á ræðu Gorkijs, sem varð kveikjan að deilunum í Danmörku sem áður er lýst. Hann byrjar á að halda því fram að Gorkij tilheyrir höfundum efst í virðingarstigunum.⁴⁴ Eigi að síður er hann gagnrýninn á greiningu hans á bókmenntasögunni, telur hana vera huglæga, fremur en efniskenna, og grundvallast á of mikilli einföldun.⁴⁵ Hugmyndin um sósíalískt raunsæi birtist í titli ritgerðar Blombergs, „Gorkij och den socialistiska realismen“ („Gorkij og sósíalískt raunsæi“), en fær nánast enga athygli í sjálfri greiningunni. „Það er ekki tímabært að fella dóm um listrænan afrakstur“, skrifar Blomberg og lýkur ritgerðinni á staðhæfingu um að engar stórkostlegar bókmenntir hafi verið samdar í Sovétríkjunum á liðnum árum.

Niðurstöður

Viðbrögð við kalli Sovétríkjanna eftir rauðum heimsbókmenntum voru skilyrt af staðbundnum aðstæðum, höfundar og gagnrýnendur voru einnig mismóttækilegir fyrir hugmyndinni.⁴⁶ Þessi rök virðast eiga við í tilfelli sósíalísku raunsæis

⁴² Hér vitnað eftir Ib Bondebjerg, *Proletarisk offentlighed*, 2. bindi, bls. 363.

⁴³ Hér vitnað eftir Ib Bondebjerg, *Proletarisk offentlighed*, 2. bindi, bls. 363.

⁴⁴ Erik Blomberg, *Från öst och väst. Trettiotalskritik i urval*, Stokkhólmur: Bonniers, 1951, bls. 66. Gagnrýnin birtist upphaflega árið 1938.

⁴⁵ Erik Blomberg, *Från öst och väst. Trettiotalskritik i urval*, bls. 68–69.

⁴⁶ John Lennon og Magnus Nilsson, „Afterword“, *Working-Class Literature(s). Historical and International Perspectives*, 1. bindi, ritstjórar John Lennon og Magnus Nilsson, Stokkhólmur: Stockholm University Press, 2017, bls. 199.

í Skandinavíu. Aðalástæðan fyrir takmörkuðum áhrifum þessarar bókmenntastefnu í Svíþjóð og Danmörku var líklega ákveðið kraftleysi í kommúnískum menningarsamtökum. Einnig sú staðreynd að aðrir hlutaðeigendur, ekki síst verkalýðshreyfing jafnaðarmanna, verkalýðshöfundar og gagnrýnendur, sem og menningarsamtök sem störfuðu tiltölulega óháð flokkspólítík, höfðu þá þegar þróað virka orðræðu um bókmenntir, stétt og stjórnsmál ásamt innviðum fyrir útgáfu, dreifingu og umræðu um verkalýðsbókmenntir. Þetta gerði þróun þess sem má kalla „upprunalegar“ hefðir verkalýðsbókmennta mögulega og takmarkaði einnig aðkomu erlendrar bókmenntaorðræðu.

Það þýðir þó ekki að ekki sé áhugavert, eða jafnvel mikilvægt, að rannsaka samband skandinavískra verkalýðsbókmennta og sósíalíks raunsæis. Í ritgerð sem birtist í ritryndu greinasafni um alþjóðlegt sjónarhorn í rannsóknum á verkalýðsbókmenntum, opnar Anna Björk Einarsdóttir á frekari rannsóknir á tengslum sovétmiðaðra tilrauna til að þróa rauðar heimsbókmenntir og staðbundinna verkalýðsbókmennta. Hún leggur sérstaka áherslu á „mikilvægi þess að færa sér í nyt bókmenntarannsóknir helgaðar ákveðnu staðbundnu samhengi og hefðum en víkka sviðið um leið út og taka með í reikninginn endurskoðun á þeirri alþjóðahyggi sem einkenndi bókmennta- og listsköpun á millistríðsárunum“.⁴⁷ Það höfum við reynt að gera í þessari grein. Greining okkar hefur einmitt sýnt fram á að þrátt fyrir að sovéska kenningin um sósíalískt raunsæi hafi ekki haft mikil áhrif á skandinavískar verkalýðsbókmenntir, þá beinir sú staðreynd atvylginni að spurningum sem skipta grundvallarmáli í því hvernig við skiljum alþjóðlegar vinstri-sinnaðar bókmenntahreyfingar. Til dæmis sýnir umræða okkar að slíkar hreyfingar má ekki einungis skilgreina í andstöðu við það sem kalla má borgaralegar heimsbókmenntir (eða þjóðarbókmenntir), heldur verði einnig að taka inn í myndina samband þeirra við aðrar staðbundnar vinstri-sinnaðar bókmenntir. Í Skandinavíu voru það ekki þjóðlegar eða borgaralegar bókmenntir sem komu í veg fyrir áhrif sósíalíks raunsæis heldur sjálfsprottnar og oft staðbundnar hefðir verkalýðsbókmennta.

Umræða okkar undirstrikar enn fremur þá staðreynd að verk og höfundar eiga sér sjaldan tilveru í einungis einum menningarvettvangi og að þau geta gegnt mismunandi hlutverki í ólíku samhengi. Jafnvel þó að skandinavísku verkalýðshöfundarnir, sem fengu boð á þing Sovéska rithöfundasambandsins árið 1934, hafi ekki lagt sitt af mörkum til þróunar kenningarinnar um sósíalískt

⁴⁷ Anna Björk Einarsdóttir, „Proletariat of the Earth. Comintern Aesthetics on the Edges of the World“, *Arbejderlitteratur. Internationale perspektiver af forbindelser*, ritstjórar Anker Gemzøe, Nicklas Freisleben Lund, Magnus Nilsson og Erik Svendsen, Ålaborg: Aalborg Universitetsforlag, 2023, bls. 208.

raunsæi utan Sovétríkjanna, þá urðu sumir þeirra erindrekar, aðallega fyrir Sovétríkin, en einnig fyrir ákveðna sýn á rauðar heimsbókmenntir. Nexø er líklega besta dæmið um þetta. Það er eftirtektarvert að þrátt fyrir að Harry Martinson hafi beinlínis verið fjandsamlegur í garð sósíalísks raunsæis á fimmta áratugnum, gerði tilnefning hans á Sholokhov til Nóbelsverðlaunanna í bókmenntum hann að öflugum fulltrúa fyrir þessa fagurfræðilegu kenningu seinna meir. Sú staðreynd, að bæði Sholokhov og Harry Martinson hlutu á endanum Nóbelsverðlaunin, minnir okkur enn fremur á að staðbundnar vinstrisinnaðar bókmenntahreyfingar eru ekki aftengdar kerfi heimsbókmenntanna að öllu leyti, en innan þess kerfis eru Nóbelsverðlaunin miðlæg stofnun.⁴⁸

Greining okkar á takmörkuðum áhrifum sósíalísks raunsæis í Skandinavíu gefur því ekki til kynna að danskar og sænskar verkalyðsbókmenntir hafi verið óháðar eða ósnortnar af hugmyndum og innviðum rauðra heimsbókmennta sem Sovétríkin þróuðu eftir 1934. Skandinavískir verkalyðshöfundar voru þátttakendur í fjölbreyttum kreðsum rauðra heimsbókmennta – til dæmis með setu á þinginu í Moskvu árið 1934. Engu að síður undirstrikar rannsókn okkar margbreytileika þessara tengsla. Annars vegar deildu höfundar eins og Nexø fúslega orðstír sínum með Sovétríkjunum og bókmenntalegri stefnu þeirra. Á þann hátt má segja að viðleitni Sovétríkjanna til að þróa rauðar heimsbókmenntir hafi fengið stuðning og viðurkenningu frá jaðrinum. Hins vegar streymdu fagurfræðilegar og fræðilegar hugmyndir frá bókmenntaorðræðunni í Moskvu til jaðarsins í Danmörku og Svíþjóð í smáskömmtum, sem runnu fljótlega inn í mótaða orðræðuhefð verkalyðsbókmennta í Skandinavíu.

Við ítrekum að fullyrðing okkar er ekki sú að þessi staðbundna hefð hafi ekki haft nein tengsl við, eða þjónað sem valkostur við, sovéskar rauðar heimsbókmenntir þróaðar af Sovétríkjunum (þar á meðal kenninguna um sósíalískt raunsæi). Öllu heldur undirstrikar eðli tengsla og samskipta sovéskra bókmennta og skandinavískra verklyðsbókmennta undir lok fjórða áratugarins margbrotið menningarlandslag rauðra heimsbókmennta og margslungnar birtingarmyndir þeirra í ólíku þjóðlegu og staðbundnu samhengi. Þessi grein leggur því til að hugmyndin um rauðar heimsbókmenntir verði að leggja áherslu á tilvist margra, ólíkra og jafnvel mótsagnakenndra vinstrisinnaðra bókmenntahreyfinga.

Björg Hjartardóttir þýddi

⁴⁸ Einnig má hér nefna þá staðreynd að Artur Lundkvist, ásamt Nexø o.fl., hlutu Alþjóðlegu Stalín/Lenín-verðlaunin (nafnið breyttist árið 1956), sem líta má á sem kommúnískt jafngildi Nóbelsverðlaunanna, og að Halldór Laxness, Pablo Neruda, og Miguel Ángel Asturias hlutu bæði verðlaunin.

ÚTDRÁTTUR

Greinin fjallar um samband hinnar fagurfræðilegu kenningar um sósíalískt raunsæi og skandinavískra (danskra og sænskra) verkalýðsbókmennta. Hún beinir sjónum að þremur höfundum sem áttu sæti í skandinavísku sendinefndinni á Fyrsta allsherjarþingi sovéskra rithöfunda í Moskvu árið 1934, Svíunum Mou Martinson og Harry Martinson og Dananum Martin Andersen Nexø – en einnig að nokkrum áhrifamiklum verkalýðshöfundum og gagnrýnendum sem áttu þátt í að móta umræðuna um sósíalískt raunsæi í Skandinavíu: Svíunum Ivar Lo-Johansson og Erik Blomberg og Dönuum Julius Bomholt, Harald Herdal og Hans Kirk. Greinin sýnir fram á að þótt bein áhrif sósíalíska raunsæisins hafi verið takmörkuð í Skandinavíu bar allnokkuð á hugtakinu í bókmenntaumræðunni. Þannig veitir greining á sambandi sósíalísks raunsæis og skandinavískra verkalýðsbókmennta ekki aðeins innsýn í tvenns konar sérstætt bókmenntaumhverfi heldur opnar hún einnig nýjar leiðir til að setja þær í alþjóðlegt samhengi og hugsa það sem kalla má rauðar heimsbókmenntir á annan hátt. Greinin leiðir rök að því að tengsl kenningarinnar um sósíalískt raunsæi og skandinavískra verkalýðsbókmennta á síðari hluta fjórða áratugarins dragi fram hversu margbrotið hið menningarlega landslag rauðra heimsbókmennta var, þar sem það mótaðist af ólíku þjóðlegu og svæðisbundnu samhengi. Þannig verður hugtakið rauðar heimsbókmenntir að leggja áherslu á tilvist margra ólíkra afbrigða vinstri-sinnaðra bókmennta, sem að hluta til hafa verið markaðar af innbyrðis átökum eða togstreitu.

Lykilord: verkalýðsbókmenntir, sósíalískt raunsæi, heimsbókmenntir.

A B S T R A C T

**A Tale of Two Left Literatures: Socialist Realism,
Scandinavian Working-Class Literature and Red World Literature**

This article analyses the relationship between the aesthetic doctrine of socialist realism and Scandinavian (Danish and Swedish) working-class literature. It focuses on three authors that were part of Scandinavian delegation at the First Congress of the Soviet Writers' Union in Moscow – the Swedes Moa Martinson (1890–1964) and Harry Martinson (1904–1978), and the Dane Martin Andersen Nexø (1869–1954) – as well as on a number of influential working-class writers and critics who contributed to the discussions in Scandinavia of socialist realism: the Swedes Ivar Lo-Johansson (1901–1990) and Erik Blomberg (1894–1965) and the Danes Julius Bomholt (1896–1969), Harald Herdal (1900–1979) and Hans Kirk (1898–1962). The article shows that even if the direct impact of socialist realism in Scandinavia was limited, it still received quite a lot of atten-

tion in literary debate, and that an analysis of the relationship between socialist realism and Scandinavian working-class literature can generate new insights not only about two specific left literary cultures, but also about how to conceptualize such cultures in an international context and, thus, about how to understand what could be called *red world literature*. The nature of the relation and the exchange between the doctrine of socialist realism and Scandinavian working-class literature in the late 1930's, the article argues, emphasizes the heterogeneity of the cultural geography of red world literature due to its multifaceted manifestations in different national and regional contexts. Thus, the notion of red world literature must stress the existence of many, different and even potentially conflicting left literatures.

Keywords: working-class literature, socialist realism, world literature

NICKLAS FREISLEBEN LUND

Prófessor við deild menningar- og félagsvísinda við háskólann í Malmö

MAGNUS NILSSON

Nýddoktor við menningardeild háskólans í Suður-Danmörku

